

Nd.
um kjötmat o. fl.

144. Frumvarp til laga

[17. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu

á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annast, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þess eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 kst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjár-
afurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að
fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjöt-
skoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt
er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum
sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmats-
mönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir,
flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, fram-
leiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu
á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa for-
göngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig
skal hann, eftir því sem við verður komið, gera yfirmat á kjöti og öðrum slátur-
fjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjár-
afurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður um-
dæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu
eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milli-
göngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatsformanns
kr. 1800.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi,
sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr rikissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer
um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þess-
um, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera
25% herra en venjulegt verkamanna kaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og
greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukabóknun eða hlunnindi hjá þeim,
sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá
hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir
það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmats-
manni þá heimilt að vikja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlut-
aðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega
kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnunum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kaптúnunum, þar sem húa færri en 500 manns.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnunum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vorur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fellð lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.